

BORGARRÁÐ 28. maí 2020: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um eignarhald sölu leigu og úthlutanir eigna í Gufunesi - R20050317

Óskað er eftir upplýsingum á eftirfarandi varðandi eignarhald, sölu, leigu og úthlutunum eigna Reykjavíkurborgar í Gufunesi frá þeim tíma að borgin keypti svæðið af Faxaflóahöfnum 17. júlí 2015: 1. Hvaða eignir á Reykjavíkurborg á þessu svæði. 2. Fá lista yfir þeir fasteignir sem hafa verið seldar á svæðinu, hverjir voru kaupendur, tímasetning kaupsamninga og samningsupphæð. 3. Hverjir eru skráðir eigendur þessara fasteigna í dag. 4. Hafa verið gerðir einhverjir viðaukar með breytingum á eignarhaldi og greiðslum frá 2015 og þá við hverja. 5. Hafa allar greiðslur verið inntar af hendi vegna þessara kaupa, hverjar eru eftirstöðvar og hvað er í vanskilum. 6. Hvaða fasteignir í eigu borgarinnar eru og hafa verið í útleigu á svæðinu, til hverra, hverjar eru leigutekjur og eru einhver vanskil á leigugreiðslum. 7. Hvaða lóðum hefur verið úthlutað á svæðinu, til hverra, á hvaða verði og hafa greiðslur borist skv. kaupsamningum. 8. Hverjir eru skráðir eigendur þessara lóða í dag. 9. Hvaða viðaukar, breytinar á eignarhaldi og breytingar á greiðslufyrirkomulagi hafa verið gerðar á tímabilinu. 10. Hvaða vilyrði hafa verið gefin af hálfu Reykjavíkurborgar fyrir lóðum eða öðrum eignum á svæðinu og til hverra?